

Fjármögnun á tækjakosti til bráðagreiningar á heilsugæslunni á Egilsstöðum

54. mál, þingsályktunartillaga
154. löggjafarþing 2023–2024.

Breytingatillaga:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp, sem hafi það hlutverk að móta stefnu og aðgerðaáætlun til að byggja Hágæðasjúkrahús á Egilsstöðum með tilliti til almannaheilla. Samhliða því markmiði verði stuðlað að bættri heilbrigðisþjónustu á upptökusvæði sjúkrahússins ásamt því að laða að sérhæft heilbrigðisstarfsfólk. Starfshópurinn leggi áherslu á eftirfarandi:

1. Að byggja upp Hágæðasjúkrahús á Egilsstöðum fyrir íbúa Austurlands, sem verði auk þess í stakk búið að taka við fjölda Íslendinga sem kunna að þurfa að leita út fyrir suð-vestur horn landsins þegar gos hefst þar og ekki síst vegna endurtekinnar umræðu um að leggja niður Reykjavíkurlugvöll.

2. Staða Hágæðasjúkrahús á Egilsstöðum verði þjónustulega sambærileg við Sjúkrahúsið á Akureyri með háþróaðar rannsóknarstofur, skurðstofur og fæðingadeild, svo fátt eitt sé talið. Jafnframt verði þar sérfræðingasetur með fullnægjandi aðstöðu fyrir hjarta- kvensjúkdóma- og augnlækna og aðra sérfræðinga er sinna eiga íbúum Austurlands.

3. Starfshópurinn kostnaðargreini og meti ávinning af þeim tillögum sem lagðar eru fram og greini hvort staðsetningin sé viðunandi að teknu tilliti til m.a. eftirfarandi þátta:

- Um miðlæga staðsetningu.
- Um greiðar landsamgöngur.
- Um góðan flugvöll.
- Um gæði innviða.
- Um möguleika til uppvaxtar og mennta.
- Um íbúatölu og fjölda ferðamanna.
- Um önnur fjölbreytt atvinnutækifæri.

Ráðherra leggi niðurstöður starfshópsins fyrir Alþingi eigi síðar en fullveldisdaginn 1. desember 2024.

Greinargerð.

Heilsugæslustöðin á Egilsstöðum er vanbúin og veitir í dag litla almenna heilbrigðisþjónustu annað en að vera með einfalda bráðþjónustu og sinna greiningu svo hægt sé að senda sjúklinga á sjúkrahús. Hún er ein fátæklegasta heilsugæslustöð landsins, sem þó er gert að gegna mjög stóru hlutverki í almannavörnum.

Ljóst er að ráðuneyti heilbrigðismála hefur vanrækt Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað og þarfnast það gagnberra og kostnaðarsamra endurbóta til þess að geta sinnt því sem því ber. Kostnaður við slíkar breytingar eru gífurlegar og því talið hagkvæmara að finna slíkri stofnun annan og betri stað, enda yrði Fjórðungshúsið í Neskaupstað meira og minna óstarfhæft þann tíma, sem fer í gagngerar endurbætur.

Lagt er til að í stað þess að fara í dýra hönnun húsnæðis, verði gerður út leiðangur að finna nýbyggt sjúkrahús á Norðurlöndum, sem mundi henta sem bygging Hágæðasjúkrahúss á Egilsstöðum með það í huga að kaupa þær teikningar og byggja eftir þeim margfalt hagkvæmara og ódýrara húsnæði, sem mundi fullnægja þörfinni langt inn í framtíðina.

Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað yrði fundið nýtt metnaðarfullt hlutverk, sem ekki kallaði á jafn kostnaðarsamar breytingar.

„Í dag þarf að keyra frá Egilsstöðum 68 km leið á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað í fullbráðagreiningu og svo aftur til Egilsstaða í sjúkraflug. Fjórðungssjúkrahús eru vel tækjum búin, en sökum staðsetningar Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað er einnig lífsnauðsynlegt að tæki til fullbráðagreiningar séu við sjúkraflugvöllinn á Egilsstöðum, sökum staðsetningar hans miðlægt á Austurlandi. Langt ferðalag einstaklinga í bráðafasa til greiningar getur lagt líf og heilsu þeirra í hættu. Oft fara þeir beint í sjúkraflug með óvissu um heilsufarsástand sem hefði þurft að bregðast strax við með lyfjum í kjölfar greiningar með tækjum sem vantar, til að tryggja líf þeirra og heilsu.“

Við innvortis blæðingar er mikilvægt að komast að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á sem skemmstum tíma. Sneiðmyndataeki greinir innvortis blæðingar sem geta orðið, t.d. vegna áverka, og við einkenni heilablæðingar er lykilatriði að greina blóðtappa til að lyfjagjöf megi fara fram til að leysa blóðtappann. Að koma blóðflæði aftur af stað þarf að gerast á sem skemmstum tíma frá upphafi einkenna svo að sjúklingur haldi lífi og lífsgæðum.“ (Berglind Harpa Svavarsdóttir á 153. löggjafarþingi 2022–2023. Greinargerð í þingskjali 148-147. mál.)

Egilsstaðaflugvöllur er eini stóri flugvöllurinn, sem ekki hefur öflugt neyðarteymi né sjúkrahús í nágrenninu. Aðal sjúkrahús landsmanna er við Reykjavíkurflugvöll. Akureyrarflugvöllur býr við að hafa stórt sjúkrahús skammt frá flugvellinum. Sama má segja um Ísafjarðar- Vestmannaeyja- og Keflavíkurflugvöll. Svo rammt kvað að þörfinni um að flugvöllur og sjúkrahús væri skammt hvort frá öðru, að byggja varð upp flugöll við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað um miðbik síðustu aldar og endurbyggja hann með varanlegu slitlagi í upphafi þessarar.

Egilsstaðaflugvöllur býr við þann laka kost, að í AIP-ICELAND (handbók fyrir flugfélög og flugáhafnir) var löngum getið um að sjö sjúkrarúm væru tiltæk á Egilsstöðum. Það getur traúðla talist áhugavert, nánast vítavert að svo mikið sem að hugsa til þess að stefna stærri flugvélum þangað vegna aðstöðuleysis í bráðþjónustu svæðisins.

Verði óhapp á vellinum t.d. ef sjötíu manna flugvél hlekkist á og lokar flugbrautinni þannig að sjúkraflugvélar og annað björgunarteymi geti ekki nýtt flugbrautina. Þá er lausnin að senda þyrlur úr Reykjavík, sem tekur um tvo tíma að fljúga og hefur auk þess einhvern aðdraganda við undirbúning flugs. Fyrsta þyrlan er við bestu skilyrði komin eftir um tvo tíma og þrjátíu mínútur til Egilsstaða. Hugsanlega er hægt að taka sjö um borð og fljúga með til Reykjavíkur og fyrstu sjúklingarnir gætu verið komnir á sjúkrahús, eftir um fimm klukkustundir frá því að óhappið varð á flugvellinum.

Aðrir möguleikar eru á að keyra sjúklinga til Norðfjarðar og senda þá í flugi þaðan á sjúkrahús. Það má reikna með að fyrstu sjúklingarnir komist undir læknishendur í Reykjavík eftir um tvær og hálfu klukkustund. Ef nýta þarf Vopnafjarðarflugvöll bætist enn ein klukkustundin við.

Fyrir vaxandi ferðamannastraum og almenning á Héraði og nágrenni er öflugt sjúkrahús einnig mjög aðkallandi og ekki síst fyrir venjulegt alþýðufólk, sem hefur hug á því að setjast hér að. Íbúar hafa lengi búið við þann napra veruleika, að erfitt er að manna stöður lækna, sérfræðinga og hjúkrunarfólks. Helsta ástæða þess er frumstæður og vanbúinn húsakostur Heilsugæslunnar á Egilsstöðum, sem í grunninn er frá 1947, með mismunandi viðbyggingum í gegnum tíðina, sem þó hafa stundum tekist furðu vel.

Austfirðingar búa við það að vera langt frá höfuðstað Íslands, sem er í senn helsti ávinningur þeirra og jafnframt sá versti. Tækifærin eru mörg vegna nálægðar við Evrópu. Fjarlægðin er til bóta, það sýndi sig þegar Covid 19 hélt þjóðinni í sóttkví og hve hagkvæmni stærðarinnar var vanmáttug þegar stór smit komu upp á sjúkrastofnunum og settu alla starfsemina í uppnám. Austurland slapp nokkuð vel og færa má rök fyrir því að það gæti verið betri kostur að hafa sjúkrahúsin fleiri, smærri og dreifðari, svo ekki sé minnst á hagræðinguna fyrir íbúana að hafa eitt slíkt í nærumhverfinu.

Ókosturinn er að langt er að sækja alla almenna þjónustu, sem Austfirðingar taka fullan þátt í að fjármagna og reka, en á sama tíma er þeim gert erfitt að sækja þjónustuna til jafns við höfuðborgabúa með íþyngjandi skattakerfi. Raforkuverð er herra í dreifbýli þar sem orkan verður til, á sama tíma t.d. er eldsneytisverð á flugvélarmargfalt dýrara á landsbyggðinni. Það leggst ofan á kostnaðinn við að sækja þjónustuna, sem þó er ærin fyrir. Þetta er einungis eitt dæmi um skort á samræmingu og sanngirni. Dæmin eru mörg. Á Fljótsdalshéraði gott að búa, veðurbliðan rómuð, skógivaxið milli fjalls og fjöru og náttúruvá lítt þekkt. Íbúar fjórðungsins hafa þó Bárðarbungu og Öskju í bakgarðinum, sem geta um skamma hríð valdið búsifjum.

Manngerðu ógnirnar eru þó síst betri og í því sambandi er rétt að nefna brýrnar á þjóðvegi eitt, margar eru einbreiðar og háðar þungatakmörkunum. Austurland er að verða einangrað fyrir þungaflutninga, vegna gamalla einbreiðra brúa, sem sumar eru byggðar á fyrrihluta síðustu aldar. Jafnframt ber að hafa í huga, að við núverandi aðstæður er vegakerfið hluti af heilbrigðiskerfinu, þar sem samþjöppun þess kallar á greiðar samgöngur til að nýta heilbrigðisþjónustuna. Þegar til náttúruhamfara kemur verða samgöngur lykillinn að því að koma fólki á öruggan stað.

Að byggja Hágæðasjúkrahús á Egilsstöðum er metnaðarfullt verkefni, sem telja má við fyrstu sýn að geti aðeins falið í sér verulega kostnaðaraukningu fyrir ríkið. Að fleiru þarf að hyggja. Ísland er nægjanlega stórt til að það geti veitt skjól íbúum þess í náttúruhamförum og þarf því að huga að því að byggja upp annarsstaðar en á eldvirkasta svæði landsins. Ef rétt er að málum staðið verður hægt að veita góða þjónustu við íbúa Austurlands og við aðra íbúa Íslands.

Telja verður mikilvægt að ekki verði einungis litið til fjárhagslegs kostnaðar, heldur einnig til þess sem til sparast t.d. hjá Sjúkratryggingum Íslands, vegna minni ferðakostnaðar og lægra kolefnisspors. Þá þarf einnig að líta til fleiri þátta líkt og betri þjónustu við sjúklinga, aukinnar hagkvæmni, fjölgun menntaðra starfsmanna og meiri afkastagetu heilbrigðisgeirans á Austurlandi.

Það býr ein þjóð í þessu landi og hún þarf að standa saman sem ein heild.

Benedikt Vilhjálmsson Warén, kt. 220351-2469, Hamragerði 3 #601, 700 Egilsstaðir